

## AUGLÝSING

### um náttúruvættið Hverfjall (Hverfell) í Skútustaðahreppi.

#### 1. gr.

##### *Um friðlýsinguna.*

Umhverfisstofnun hefur ákveðið að tillögu Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og landeiganda jarðarinnar Voga og með samþykki Skútustaðahrepps að friðlýsa Hverfjall (Hverfell) í Skútustaðahreppi sem náttúruvætti, skv. 2. tölul. 2. mgr. 53. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Hverfjall (Hverfell) er stór, hringlaga öskugígur, um 1000 m í þvermál, sem rís 90 – 150 m yfir umhverfið. Gígurinn myndaðist fyrir um 2500 árum í þeytigosí í grunnu stöðuvatni. Hlíðar hans eru brattar og þétt settar af vatnsrásum. Hann er í röð fegurstu og reglubundnustu öskugígamyndana sem gefur að líta á Íslandi og talinn í röð þeirra stærstu sinnar tegundar á jörðinni. Hverfjall (Hverfell) er syðsti hluti a.m.k. 1800 m langrar gossprungu. Norðan þess eru því minni gígar úr sama gosi, auk túffstabba sem myndaðist við gjóskufloð frá Hverfjalli (Hverfelli). Jarðbaðshólar og hraun runnin frá þeim að Mývatni milli Reykjahlíðar og Voga mynduðust einnig á sama tíma.

Hið friðlýsta svæði er 312,72 hektarar að stærð.

#### 2. gr.

##### *Markmið friðlýsingarinnar.*

Markmiðið með friðlýsingu Hverfjalls (Hverfells) sem náttúruvættis er að vernda sérstæðar jarðmyndanir. Jafnframt er það markmið með friðlýsingunni að varðveita jarðmyndanir svæðisins vegna mikils fræðslugildis og útivistargildis. Gígurinn er vinsæll viðkomustaður ferðamanna sem um Mývatnssveit fara.

#### 3. gr.

##### *Mörk náttúruvættisins.*

Mörk svæðisins eru fjallið sjálft og næsta umhverfi auk gjóskuminja (túffstabbar) með steingerðum jurtaleifum norðan fjallsins. Mörk svæðisins eru nánar skilgreind í hnitatöflu og á meðfylgjandi uppdraetti í fylgiskjali.

Nr.	X-hnit	Y-hnit	Nr.	X-hnit	Y-hnit	Nr.	X-hnit	Y-hnit
1	597089	569185	9	598001	570228	17	598123	568097
2	597121	569224	10	598132	570231	18	597492	568391
3	597191	569369	11	598393	570118	19	597373	568446
4	597298	569514	12	598766	569877	20	597272	568538
5	597484	569767	13	599026	569582	21	597213	568626
6	597612	569965	14	599101	569455	22	597151	568789
7	597684	570056	15	598870	568310	23	597100	568992
8	597862	570193	16	598751	568153			

#### 4. gr.

##### *Verndun jarðmyndana.*

Óheimilt er að hrófla við eða skemma á annan hátt jarðmyndanir í náttúruvættinu.

#### 5. gr.

##### *Verndun gróðurs og dýralífs.*

Óheimilt er að spilla gróðri í náttúruvættinu og óheimilt er að trufla dýralíf af ásetningi innan marka náttúruvættisins.

Ræktun og dreifing framandi plöntutegunda er óheimil innan marka náttúruvættisins í samræmi við reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000.

Notkun skotvopna er bönnuð á svæðinu nema til minka- og refaveiða eða á grundvelli 5. og 7. tlf. 7. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994. Skýlt er að tilkynna umsjónaraðila svæðisins um alla notkun skotvopna.

## 6. gr.

*Umferð um náttúruvættið.*

Almenningi er heimil för um náttúruvættið, en fylgja skal merktum stígum og leiðum í samræmi við fyrirmæli hverju sinni. Almenningi er óheimilt að ganga um utanverðar hlíðar fjallsins nema á merktum gönguleiðum.

Óheimilt er að hafa lausa hunda í náttúruvættinu nema nytjahunda þegar þeir eru að störfum í gæslu eiganda eða umráðamanns, í samræmi við samþykkt Skútustaðahrepps um hunda- og kattahald í Skútustaðahreppi.

## 7. gr.

*Tjöldun, gisting og umgengi.*

Óheimilt er að hafa næturstað innan hins friðlýsta svæðis. Einnig er óheimilt að urða eða henda rusli innan náttúruvættisins.

## 8. gr.

*Umsjón með náttúruvættinu.*

Umhverfisstofnun hefur umsjón og eftirlit með náttúruvættinu.

Umhverfisstofnun skipar ráðgjafarnefnd um svæði í Mývatnssveit sem friðlýst eru skv. lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999. Ráðgjafarnefndin er Umhverfisstofnun til ráðgjafar um málefni er varða rekstur svæðanna, samstarf þeirra og stefnumótun. Í nefndinni sitja einn fulltrúi skipaður af Umhverfisstofnun og fer hann með formennsku, einn fulltrúi skipaður af Skútustaðahreppi og einn fulltrúi skipaður af Náttúrustofu Norðausturlands. Auk þess skal skipaður einn fulltrúi fyrir hönd hverrar jarðar innan friðlýstra svæða í Skútustaðahreppi. Ráðgjafarnefndin er skipuð til fjögurra ára í senn og er hlutverk hennar nánar útfært í erindisbréfi Umhverfisstofnunar.

## 9. gr.

*Verndar- og stjórnunaráætlun.*

Umhverfisstofnun skal sjá um gerð verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir náttúruvættið í samráði við landeigendur, Skútustaðahrepp og ráðgjafarnefnd um náttúruverndarsvæði í Mývatnssveit, sbr. d-lið 2. mgr. 6. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

Náttúrufræðistofnun Íslands vaktar náttúru svæðisins, lífríki og jarðmyndanir í samstarfi við Náttúrustofu Norðausturlands og upplýsir Umhverfisstofnun og landeigendur um aðsteðjandi hættur eða um nauðsynlegar framkvæmdir í þágu verndar.

Í verndar- og stjórnunaráætlun skal fjallað um nauðsynlegar verndaraðgerðir, landvörslu og landnýtingu, s.s. aðgengi ferðamanna að svæðinu, stígagerð og uppbyggingu þjónustumannvirkja.

## 10. gr.

*Landnotkun og mannvirkjagerð.*

Allar framkvæmdir innan náttúruvættisins eru háðar leyfi landeigenda, Skútustaðahrepps og Umhverfisstofnunar, sbr. 38. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við samþykkt skipulag og verndaráætlun. Gert er ráð fyrir merktum og stikuðum gönguleiðum og stígum um svæðið og skal leitast við að þeir tengist öðrum gönguleiðum um Mývatnssveit.

Starfsmönnum náttúruvættisins er heimil, ef nauðsyn krefur, notkun vélknúinna farartækja vegna starfa við stígagerð innan marka náttúruvættisins, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 528/2005 um takmarkanir á umferð í náttúru Íslands.

11. gr.

*Refsiákvæði.*

Brot gegn friðlýsingu þessari varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, sbr. 75. og 76. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

12. gr

*Endurmat friðlýsingar.*

Friðlýsingin mun verða endurmetin að 10 árum liðnum frá gildistöku með tilliti til sérstakra aðstæðna á svæðinu, árangurs verndarráðstafana og framkvæmdar friðlýsingarinnar að öðru leyti.

13. gr.

*Gildistaka.*

Friðlýsingin öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

I.

Gerð verndar- og stjórnunaráætlunar skal vera lokið eigi síðar en 1. júní 2012.

*Umhverfissráðuneytinu, 22. júní 2011.*

**Svandís Svavarsdóttir.**

---

*Steinunn Fjóra Sigurðardóttir.*

**Fylgiskjal.**

